

Bókaklúbbur AB 15 ára:

Veglegt afmælisrit og handritasamkeppni

BÓKAKLÚBBUR Almenna bókafélagsins, sá elsti á landinu, varð fimmtán ára í liðinni viku. Klúbbfélagar og aðrir bókaunnendur geta með ýmsum hætti gert sér glaðan dag í tilefni afmælisins og vegfarendur í Austurstræti fengu tertu, ljóðalestur og ljúðrabyt laust eftir hádegi í gær. Í afmælisriti bókaklúbbsins, Fransi biskví, rekur Elín Pálmadóttir sögu franska sjómanna sem sóttu á íslensk mið í þrjár aldir. AB efnir til verðlaunasamkeppni um bókmenntahandrit í tilefni afmælisins, gefur út afmælisblað og færir sjúkrastofnunum landsins eintak af öllum mánaðarbókum klúbbsins í fimm ár.

Guðmundur Bjarnason heilbrigðisráðherra þakkaði bókaklúbbi AB höfðinglega gjöf við afmælisveisluna í Austurstræti á föstudag. Hann sagði þetta í annað sinn sem AB bætti vel við bókasöfn sjúkrahúsa landsins, það væri ánægjulegt í öllu talinu um aðhald og sparnað að eiga góða að.

Þá lét Hornaflokkur Kópavogs í sér heyra utan við bókaverslun

Sigfúsar Eymundssonar í Austurstræti og þrjú ljóðskáld lásu úr bókum sínum sem út koma á vegum AB innan skamms. Steinunn Ásmundsdóttir las úr bók sinni Einleik á regnboga, Sigmundur Ernir Rúnarsson las úr Stundum úr lífi stafrófsins og Birgitta Jónsdóttir fór með ljóð úr bókinni Frostdinglum. Pilturinn Páll Eiríksson er jafnaldri bókaklúbbs AB. Hann fékk rit-

röðina Sögu mannkyns í afmælisgjöf á föstudag.

Almenna bókafélagið efnir til handritasamkeppni í tilefni afmælis bókaklúbbsins og er skilafrestur til 1. júní á næsta ári. Ákveðið hefur verið að veita 300 þúsund króna viðurkenningu fyrir frumsamið íslenskt verk, sem gefa má út á bók og ekki hefur áður verið prentað.

Til greina koma skáldsögur, ljóð, smásögur, leikrit, endurminningar og ferðasögur. Tekið verður við handritum merktum dulnefni á skrifstofu AB í Austurstræti. Dómnefnd skipa Davíð Scheving Thorsteinsson, Einar Már Guðmundsson, Eiríkur Hreinn Finnogason, Helga Guðrún Johnson og Kjartan Arnason.




Morgunblaðið/Bjarni

Steinunn Ásmundsdóttir las úr ljóðabók sinni sem AB gefur út um þessar mundir.



Kristján Jóhannsson framkvæmdastjóri AB afhenti Guðmundi Bjarnasyni heilbrigðisráðherra bókagjöf til sjúkrastofnana í tilefni 15 ára afmælis bókaklúbbs AB.

VEÐUR



Stöð 2 og Ísfilm sækja um sömu VHF-rásina:

Nothæfar sjónvarpsrásir á VHF uppurnar

Gæti þurft að skipta um 70.000 sjónvarpsgreiður ef skipta þarf yfir á UHF, segir Jón Óttar Ragnarsson

BÆÐI Stöð 2 og Ísfilm hafa sótt um sömu sjónvarpsrásina, rás 8 á metrabylgjusviði eða VHF-sviði. Í VHF-sviðinu eru aðeins fjórar nothæfar sjónvarpsrásir. Ríkissjónvarpið og Stöð 2 sjónvarpa hvor á sinni og Sýn hf. hefur verið úthlutað þeirri þriðju. Stöð 2 vill fá fjórðu rásina til þess að sjónvarpa sérstakri helgardagskrá, en Ísfilm-menn hafa enn ekki tekið ákvörðun um það hvort þeir fari út í sjónvarpsrekstur. Búið er við ákvörðun þeirra eftir um það bil mánuð.

Sjónvarpsefni er hér á landi að mestu sent út á VHF-sviði. Einnig er hægt að senda út á UHF-sviði og er það gert víða erlendis, þar sem mikið er af sjónvarpsstöðvum. Annars konar sjónvarpsgreiðu þarf til að taka við útsendingum á UHF-sviðinu en núverandi sviði. Ríkissjónvarpið hefur notað rásir 6 og 8 í VHF-sviðinu til „holufyllingar“, þar sem sendingar á aðalrás sjónvarpsins hafa ekki náð til. Sýn hefur nú fengið rás 6 og verður í staðinn að sjá sjónvarpsnotendum í hluta Mosfellsbæjar fyrir nýjum greiðum og RÚV fyrir nýjum UHF-sendi til holufyllingar. Sú stöð, sem fær rás 8, verður væntanlega að gera sama við Fossvog og Kópavog, sem hafa tekið við útsendingum á rás 8.

Ísfilm fékk sjónvarpsleyfi á síðasta ári og hefur nú endurnýjað það. Jón Aðalsteinn Jónasson, stjórnarformaður Ísfilm, sagði að þar á bæ hefðu menn ekki verið að flýta sér að sækja um rás þótt sjónvarpsleyfið hefði verið fengið. Þegar hins vegar áskóknin í rásirnar hefði orðið ljós, hefði fyrirtækið sótt um rás 8 á fimmtudaginn. Með því að úthluta Sýn rás 6 hefði rás hefði verið tekin af Ríkissjónvarpinu, sem væri stefnubreyting hjá samgönguráðherra.

Björn Br. Björnsson hjá Sýn hf. sagði í Morgunblaðinu í gær að fyrirtækið myndi hefja viðræður við Stöð 2 um afnot af myndlyklum Stöðvarinnar. Jón Óttar Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, sagði að slíkt kæmi ekki til greina. „Við höfum ekki fengið endanlegan úrskurd um það hvort þetta er tæknilega óframkvæmanlegt á einni rás, en á tveimur rásum er það algjörlega ómöglegt, það er að segja þegar við verðum komnir með aðra rás. Við ætlum líka hugsanlega að bæta fleirum við síðar,“ sagði Jón Óttar. „Þetta er því úr sögunni af tæknilegum ástæðum. Þeir verða að leysa sín tæknimál sjálfir.“ Jón Óttar sagðist ekki þekkja dæmi þess að tveir aðilar

væru með myndlykla á sama útsendingarsvæði erlendis.

Jón Óttar sagði að sú stefnubreyting samgönguráðuneytisins, að úthluta Sýn rás sem RÚV hefði notað, væri jákvæð og hann væri því mjög bjartsýnn á að fá rás 8 fyrir helgardagskrá Stöðvarinnar. „Það er okkar skoðun að VHF-rásirnar séu betri sem burðarrásir fyrir sjónvarpsstöðvar, en UHF-rásir fyrir holufyllingar. Ég held að samgönguráðherra myndi aldrei neita 150.000 áskrifendum Stöðvar 2 um eðlilega afgreiðslu málsins. Okkar umsókn kom á undan umsókn Sýnar. Þeir sendu sína umsókn greinilega inn þegar þeir fréttu af okkar umsókn, en það er þeirra mál. Svo er heldur ekkert víst að þeir fari í loftið. En enginn ráðherra myndi vilja fá 150.000 áskrifendur upp á móti sér,“ sagði Jón Óttar. „Því yrði heldur ekki tekið þegjandi af áskrifendum. Við yrðum þá að fara með sendingar okkar á höfuðborgarsvæðinu, bæði Stöð 2 og nýju rásina, yfir á UHF-svið. Ef það kæmi síðan í ljós að VHF-rásirnar væru ekki fullnýttar, væru menn búnir að fjárfesta í nýjum greiðuskógi að nauðsynjalausu.“ Hann sagðist vona að samgönguráðherra myndi ljúka afgreiðslu umsóknar Stöðvar 2 fyrir afmæli stöðvarinnar, 9. október.

Jón Óttar sagði að kæmi til þess að allar stöðvarnar, sem sótt hefðu um rásir, færu í loftið, þætti sér koma til greina að fara með allar sjónvarpsendingar í landinu yfir á UHF-svið, þar sem ekki kæmi til greina að mismuna neytendum. Það væri að visu ívið lakara fyrir burðarrásir, en samt nothæft. „Á meðan það er ekki ljóst hvort menn fara í loftið er alveg ástæðulaust að rjúka upp til handa og fóta, því að þetta er hundrða milljóna fjárfesting fyrir neytendur,“ sagði Jón Óttar. Hann sagðist telja að ef til vill þyrfti þá að skipta um 70.000 sjónvarpsgreiður.

VEÐURHORFUR Í DAG, 30. SEPTEMBER

YFIRLIT Í GÆR: Suðvestan- og vestanátt um allt land, 4-6 vindstíg vestanlands en hægari austan til. Dáltil súld var sumsstaðar vestanlands en annars þurrt. Hiti var 9-19 stig.

SPÁ: Suðvestanátt víða allhvöss, rigning og síðar skúrir á vestanverðu landinu og á annesjum norðaustanlands en þurrt á Austurlandi. Hiti 7-13 stig.

VEÐURHORFUR NÆSTU DAGA:

HORFUR Á SUNNUDAG: Vestanátt og fremur hlýtt. Þurrt norðaustan-, austan- og suðaustanlands, en súld sumsstaðar um vestanvert landið.

HORFUR Á MÁNUDAG: Suðvestan- og vestanátt og fremur hlýtt. Súld á Suðvestur- og Vesturlandi og sumsstaðar norðanlands, en annars þurrt.

TÁKN:

Heiðskírt

Léttskýjað

Hálfskýjað

Skýjað

Álskýjað

Norðan, 4 vindstíg: Vindörin sýnir vindstefnu og fjaðrirnar vindstyrk, heil fjóður er 2 vindstíg.

Rigning

Slydda

Snjókoma

10° Hitastig: 10 gráður á Celsius

Skúrir

Þ

Þ

Þ

Þ

Þ

Þ

Þ

Þ

Þ

VEÐUR VÍÐA UM HEIM

kl. 12:00 í gær að ísl. tíma

	hiti	veður
Akureyri	18	hálfskýjað
Reykjavík	10	súld
Bergen	10	rigning
Helsinki	11	léttskýjað
Kaupmannah.	15	hálfskýjað
Nærssarssuag	1	hagl
Nuuk	0	snjókoma
Oslo	13	skýjað
Stokkhólmur	10	léttskýjað
Þórshöfn	11	súld
Algarve	31	skýjað
Amsterdam	16	skúr
Barcelona	22	skýjað
Berlín	15	skýjað
Chicago	11	léttskýjað
Feneýjar	17	alskýjað
Frankfurt	15	skýjað
Glasgow	15	léttskýjað
Hamborg	14	hálfskýjað
Las Palmas	26	skýjað
London	17	léttskýjað
Los Angeles	18	heiðskírt
Lúxemborg	12	skýjað
Madrid	19	skýjað
Malaga	26	mistur
Mallorca	19	skýjað
Montreal	15	skýjað
New York	14	þokumóða
Orlando	23	léttskýjað
Paris	16	léttskýjað
Róm	20	skýjað
Vín	13	súld
Washington	12	alskýjað
Winnipeg		vantar